

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt, í samræmi við 16. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð nr. 296/2007, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæminga rotþróa í Borgarbyggð.

2. gr.

Gjaldið er innheimt árlega sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
3.100 lítra og minni	12.723
3.101–6.000 lítra	14.695
6.001–10.000 lítra	17.523

Fyrir rotþrær stærri en 10.000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 9.131 á rúmmetra við losun. Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt sérstakt tæmingargjald sem er kr. 88.247 fyrir hverja tæmingu og auk þess kr. 532 fyrir hvern ekinn km.

Gjaldið verður endurskoðað árlega, þ.e. 1. janúar ár hvert og breytist í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Borgarbyggðar 7. desember 2022 og samin með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi.

Með samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1718/2021.

Borgarnesi, 19. desember 2022.

Stefán Broddi Guðjónsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 4. janúar 2023